SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu hjá Hraungerðishreppi.

1. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hraungerðishreppur annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) í sveitarfélaginu.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, samkvæmt 7. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, hefur eftirlit með að farið sé að samþykkt þessari. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar sem sjá um sorphirðu skulu hafa starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins eða heibrigðisnefndar Suðurlands eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins og skal oddviti vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast sorphirðu á hverjum tíma.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Spilliefnum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt samningi millli sveitarfélaganna.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður tíðni sorphreinsunar í samráði við framkvæmdaaðila sorphirðu. Ákvörðun um breytingu á flokkun, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal tilkynna íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins með skriflegum hætti og skal fara að ákvæðum reglugerðar um úrgang nr. 805/1999.

5. gr.

Öll förgun úrgangs er háð starfsleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér menguun.

6. gr.

Íbúar og rekstraraðilar skulu eftir fremsta megni koma í veg fyrir myndun úrgangs og koma endurnýtanlegum úrgangi til endurnýtingar.

II. KAFLI
Sorphreinsunargjöld.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Vísa skal til samþykktar þessarar í gjaldskránni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal koma henni á framfæri við skrifstofu sveitarfélagsins.

9. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengurnarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og stafestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 2. mars 2001.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 207 5. mars 2001

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

a) Íbúðir í þéttbýli og dreifbýli þar sem sorphirðing fer fram kr. 6.600 á íbúð í sorphirðugjald og kr. 3.300 á íbúð í sorpeyðingargjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
b) Íbúðir í dreifbýli þar sem sorphirðing fer ekki fram, kr. 3.300 á íbúð í sorpeyðingargjald og kr. 3.300 á íbúð í gámagjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
c) Sumarbústaðir þar sem sorphirðing fer ekki fram, kr. 2.000 á bústað í sorpeyðingargjald og kr. 3.300 á bústað í gámagjald. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 2.300 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 4.500 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.300.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 3.800 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 6.100 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði gámastöðvarinnar er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 500 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.